

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

*Nesjar í Grafningi, deiliskipulag frístundabyggðar við Illagil, Jórugil og Jónslaut.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps þann 13. október 2004 deiliskipulag í landi Nesja í Grafningi.

Gert er ráð fyrir 19 nýjum frístundalóðum á ás milli svokallaðs Illagils og Jónslautar, 1 frístundalóð vestan við Jónslaut og 3 lóðum norðan við Jórugil. Alls 23 lóðir 5.600 til 11.000 m<sup>2</sup> að stærð.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 15. september 2005.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,

**Arinbjörn Vilhjálmsson.**